

- 117 Undir þetta lagaákvæði telur ráðuneytið að falli samningar um skipting
30. nóv. fátækraframfæris, sem gerðar hafa verið vegna hreppaskiptinga og að þeir brjóti ekki í bág við aðalreglu framfærslulaganna um framfærslu styrkþega.

Því úrskurðast:

Samningur hreppsnefnda Blönduóshrepps og Torfalækjarhrepps, um skipting fátækraframfæris, sem rót sína eiga í félagsskap þeim, sem átti sér stað milli þessara hreppa fyrir skipting „Þorkelshólshrepps hins forna“, skal í gildi vera, og skulu framangreindir fimm styrkþegar framfærast af Blönduóshreppi og Torfalækjarhreppi, svo sem verið hefir fyrir gildistöku framfærslulaganna nr. 135, 1935.

Þetta tilkynnist yður hérmeð til frekari birtingar fyrir hlutaðeigandi hreppsnefndum.

- 118 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins**
15. des. **í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um greiðslu barnsmeðlags samkvæmt 3. mgr. 58. gr., sbr. 2. mgr. 12. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935.**

Oddviti Kjósarhrepps hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 8. júní þ. á., sem ákveður að Kjósarhreppur skuli endurgreiða Reykjavíkurkaupstað meðlag að upphæð kr. 240.00 með óskilgetnu barni Ragnheiðar Steinsdóttur og Friðriks Guðmundssonar, fyrir tímabilið frá 14. febrúar til 14. ágúst 1936.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði var Friðrik Guðmundsson skráður til heimilis í Reykjavík á árinu 1935, en 12. febrúar þ. á. réðist hann að Blönduholti í Kjósarhreppi til loka eða 11. maí s. á. Bæjarsjóður Reykjavíkur var krafinn um greiðslu ofangreindra meðlaga þann 21. febrúar þ. á. og var Friðrik því heimilisfastur í Kjósarhreppi þegar greiðslunnar var krafizt. Þar sem nú ekkert er upplýst um það í máli þessu að styrkþeginn hafi átt lögheimili í Reykjavík á greindum tíma, verður samkvæmt 3. mgr. 58. gr., sbr. 12. gr. framfærslulaganna, að staðfesta úrskurð sýslumannsins.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Kjósarhrepps.

- 119 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til bæjarstjórans í**
18. des. **Hafnarfirði, um greiðslu barnsmeðlags, samkvæmt 58. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935.**

Með bréfi dags. 24. júlí þ. á., hafið þér, herra bæjarstjóri, áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 14. s. m., sem ákveður að Hafnarfjarðarkaupstaður skuli endurgreiða meðlag með barni Árna H. Bachmann að upphæð kr. 200.00 fyrir tímabilið frá 27. desember 1935 til 27. júní 1936.